

3.gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir, sem getið er í 2. grein er útgáfa vottorðs eða annarrar skjalfestrar yfirlýsingar, sem varðar niðurstöður sýnisins.

4.gr.

Séu gefin út fleiri en eitt vottorð fyrir hvert sýni skal greiða 340 kr. fyrir hvert vottorð.

5.gr.

Heimilt að veita allt að 20% afslátt frá gildandi gjaldskrá yfir þjónustumælingar, sé um að ræða óvenjulega mörg samskonar sýni frá sama aðila og sýnt þykir, að verulegt hagræði sé af því.

6.gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. grein skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7.gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, ýmsa upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

8.gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktíloboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. gjaldskrárinnar.

9.gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og örverurannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 557/1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1988.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Gylfi Gautur Pétursson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 22. febrúar 1988 staðfest deiliskipulagsuppdrátt af miðbæ Reykjavíkur (Kvosinni), sbr. þó bréf, dags. sama dag til borgarstjórnar Reykjavíkur.

Uppdráttur þessi var samþykktur af borgarstjórn Reykjavíkur 1. október 1987 og afgreiddur í skipulagsstjórn ríkisins 11. nóvember 1987.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hallgrímur Dalberg.